



Alþingi
Erindi nr. **D** 138/495
komudagur 7.12.2009

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b/t viðskiptanefndar
Austurstræti 2-4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. desember 2009

0911007LA ÓG
Málalykill:712

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999.

Undirritaður fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (LS) óskar eftir að viðskiptanefnd Alþingis taki til endurskoðunar álagningu eftirlitsgjalda í frumvarpi til laga um breytingu á kostnaði við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Jafnframt er mótmælt harðlega þeim auknu álögum á LS sem gert er ráð fyrir í fyrrgreindu lagafrumvarpi.

Um undirbúning eftirlitsreglna af þessu tagi gilda ákvæði laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Í 2. gr. þeirra laga kemur fram bann við því að eftirlit á vegum hins opinbera leiði til mismununar. Frá þessu banni verður ekki vikið nema brýnir almannahagsmunir krefjist. Það leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga að gerð er krafa til þess að breytingar á fyrirkomulagi opinbers eftirlits eigi að vera ítarlega rökstuddar af hálfu eftirlitsstjórnvalds í greinargerð þar sem m.a. er sýnt fram á að jafnræðis og meðalhófs sé gætt við ákvörðun eftirlitsgjalda.

Framangreindra sjónarmiða hefur á engan hátt verið gætt við gerð frumvarpsins, a.m.k. að því er varðar Lánasjóð sveitarfélaga.

Breytingartillaga við 2. gr. frumvarpsins

Lagt er til að við 2. gr. frumvarpsins bætist nýr töluliður sem hljóði svo:

12. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða 0,00772% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

Skýring á breytingartillögu

Í 2. gr. frumvarpsins eru útlistaðar álögur sem breyting á 5. gr. 99/1999. Lánasjóður sveitarfélaga fellur undir lið 1. b. og á samkvæmt frumvarpinu að greiða 0,0159% af eignum sem er hækkun úr 0,00686% árið 2009, eða **132%** hækkun á milli ára. Miðað við áætlanir LS um eignir í árslok mun krónutöluhækkun á milli ára þó verða enn meiri eða um **150%**. Eftirlitsgjald til FME mun þar með hækka úr **4,4** milljónum í **11** milljónir, verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Slík hækkun á álögum er úr öllu hófi og ekki í neinu samræmi við starfsemi LS eða kostnað við eftirlit með henni. Þannig er fjarri lagi að eftirlit með starfsemi LS kalli á rúmlega eitt stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu eins og fyrirhuguð gjaldtaka bendir þó til. Til samanburðar má benda á að gjaldtaka af Íbúðalánasjóði, sem staðið hefur af sér stórvíðri á fjármálamarkaði með sama hætti og LS, hækkar aðeins um **12,5%** í hlutfalli við eignir á milli ára, úr 0,0032% árið 2009 í 0,0036% árið 2010.



Með vísan til þeirrar réttarreglu að þjónustugjöld séu í grundvallaratriðum í samræmi við áfallinn kostnað við að veita þjónustuna óskar Lánasjóður sveitarfélaga eftir að fá sambærilega meðferð í þessari gjaldtöku og Íbúðalánasjóður og að gjaldtaka af sjóðnum verði sérgreind þannig að hækkun á milli ára verði svipuð og hjá Íbúðalánasjóði.

Jafnframt vísar sjóðurinn til dómaframkvæmdar um að gerðar eru ríkar kröfur til þess að gjaldtaka í skjóli opinbers eftirlits sé í fullu samræmi við lögmætis- og réttmætisreglur íslensks réttar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 520/2005. Um endurgreiðslu gjalda sem ekki er fullnægjandi lagastoð fyrir fer samkvæmt lögum um það efni nr. 29/1995.

Virðingarfyllst
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Óttar Guðjónsson

Samrit: Efnahags- og viðskiptaráðherra